Þýðingar

Síðast uppfært 29/07/2026 2:50 pm BST

Í Noona HQ er hægt að þýða alla texta sem birtast inn í Noona HQ, á Noona markaðstorginu og í tölvupósti og SMS-samskiptum við viðskiptavini. Þýðingar birtast síðan út frá stillingum notenda.

Þetta tryggir hnökralausa upplifun á markaðstorginu, í Noona HQ og í öllum samskiptum við viðskiptavini.

⍰ Hvar stilla notendur tungumálið?

Noona HQ notendur

Starfsfólk getur valið á hvaða tungumáli þau vilja stilla sinn aðgang. Það er gert með því að fara undir **valmynd - stillingar - almennt**.

Noona notendur

Viðskiptavinir þínir geta sömuleiðis stillt tungumálið eftir sínum þörfum. Inn á noona.is er það gert efst uppi í hægra horninu og í Noona appinu er smellt á persónuna uppi í hægra horninu og smellt á hnöttinn neðst niðri á skjánum.

> ⍰ Hægt er að velja sjálfvalið tungumál fyrir útsendar áminningar eins og SMS skilaboð og tölvupósta. Ef viðskiptavinur er með Noona appið stillt á öðru tungumáli þá ræður tungumálið í appinu á hvaða tungumáli þau fá áminningarnar.
>
> *Hvar? Valmynd - stillingar - upplýsingar - tungumál áminninga.*

✍ Hvað er hægt að þýða?

Hægt er að þýða alla texta sem birtast við bókanir í Noona HQ, á Noona markaðstorginu og í samskiptum við viðskiptavini í tölvupósti og SMS-um.

1. **Titla** á þjónustum og upplifunum.
2. **Lýsingar** á þjónustum og upplifunum.
3. **Yfirflokkar** á þjónustum og upplifunum.
4. Titla og lýsingar á **gjafabréfum.**
5. Lýsing á **fyrirtækinu.**
6. **Staðfestingarskilaboð.**
7. Skilaboð sem sendast við **bókunarboð.**
8. Nögn og lýsingar á **svæðum / starfsmönnum.**
9. Lýsingar á starfsmönnum sem birtast í **netbókunum.**
0. Sérsniðin **SMS ámmingarskilaboð.**
1. **Bókunarstaðfesting**.

2. **Bókunarspurningar.**


❓ Hvaða tungumál er hægt að þýða á?


íslensku, ensku, spænsku, frönsku, portúgölsku, tékknesku og rússneska.

❓ Hvar finn ég þessar stillingar?

Titlar á þjónustum og upplifunum.

Hvar? *Valmynd - þjónustur/upplifun - velur viðkomandi þjónustu/upplifun - smellir á hnöttinn.*





Lýsingar á þjónustum og upplifunum

Hvar? *Valmynd - þjónustur - velur viðkomandi þjónustu - netbeiðnir - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Yfirflokkar á þjónustum og upplifunum

Hvar? *Valmynd - þjónustur/upplifun - velur viðkomandi yfirflokk - smellir á hnöttinn.*

Titlar og lýsingar á gjafabréfum

Hvar? *Valmynd - stillingar - gjafabréf - velur viðkomandi gjafabréf - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Lýsing á fyrirtækinu

Þessi texti birtist undir 'um okkur' inn á Noona prófíl fyrirtækis.

Hvar? *Valmynd - stillingar - netbeiðnir - prófíll - lýsing.*

Staðfestingarskilaboð

Þessi skilaboð verða sýnileg á staðfestingarsíðunni eftir bókun og innifalin í staðfestingarpóstinum sem viðskiptavinir þínir fá eftir að bókun þeirra hefur verið staðfest.

Hvar? *Valmynd - stillingar - netbeiðnir - öryggi - skrollar niður undir staðfesting - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Skilaboð sem sendast við bókunarboð

Hvar? *Valmynd - stillingar - netbeiðnir - öryggi - skrollar niður undir staðfesting - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Nöfn og lýsingar á svæðum

Hvar? *Valmynd - stillingar - svæði - velur viðkomandi svæði - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Lýsingar á starfsmönnum sem birtast í netbókunum

Hvar? *Valmynd - stillingar - starfsmenn - velur viðkomandi starfsmann - netbeiðnir - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Sérsniðin SMS skilaboð

Hvar? *Valmynd - áminningar - stofnar áminningu - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Bókunarstaðfesting

Staðlaður tölvupóstur sem sendist út þegar tími hefur verið bókaður.

Bókunarspurningar

Hvar? *Valmynd - þjónustur - velur viðkomandi þjónustu - netbeiðnir - skrollar niður undir bókunarspurning - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúbbluna eða á netfangið hq@noona.is.